

Þverfaglegt framhaldsnám við Læknadeild HÍ

Meistaránám í talmeinafræði

Handbók nemenda 2020-2022

Ágúst 2020



HÁSKÓLI ÍSLANDS
HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

LÆKNAEILD

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Meistaránám í talmeinafræði.....	4
Forkröfur til að geta hafið meistaránám í talmeinafræði við HÍ	5
Vettvangsheimsóknir nemenda í talmeinafræði.....	6
Samantekt á klukkustundum í vettvangsheimsóknum	7
Heimsóknir talmeinafræðinema á vettvangi.....	8
Starfsnám nema í talmeinafræði við Læknadeild Háskóla Íslands.....	10
<i>Almennt</i>	10
<i>Hlutverk leiðbeinandans í starfsnámi</i>	11
<i>Hlutverk nemandans í starfsnámi</i>	12
Viðmið um talningu á tímum í starfsnámi	13
<i>Starfsnám 2</i>	14
<i>Starfsnám 3</i>	14
Staðbundið starfsnám	15
Hlutverk leiðbeinanda og nemenda í staðbundnu starfsnámi.....	15
Hæfnismat fyrir starfsnám í talmeinafræði.....	17
Hæfnismat - Samantekt.....	22
YFIRLIT YFIR FJÖLDA OG DREIFINGU VINNUSTUNDA Í STARFSNÁMI NEMA Í TALMEINAFRÆÐI	23
Eftirfarandi gögnum á að skila til skrifstofu Læknadeildar:.....	24
M.S. ritgerð í talmeinafræði	25
Vinnuferlar og tímaáætlun	26
Hugmynd að rannsóknarviðfangsefni	27
Meistaraprófsnefnd: Leiðbeinandi og sérfræðingar	28
Leiðsagnarfundur – fundargerð.....	29

UPPLÝSINGAR MED RANNSÓKNARÁÆTLUN	29
Rannsóknaráætlun	32
Vinnuferli meistaraverkefnis meistaránema í talmeinafræði	33
Frágangur meistararitgerða frá Læknadeild.....	34
Mat á lokaverkefnum til meistaraprófs - helstu viðmið.....	34
Vinnuferli fyrir meistaraprófsverkefni.....	35
Reglur, hæfniviðmið og aðrar mikilvægar upplýsingar	35
Krækjur.....	36

Inngangur

Handbók þessi er ætluð meistaránemum í talmeinafræði við Læknadeild Háskóla Íslands. Hún hefur að geyma hagnýtar upplýsingar um flest það sem við kemur náminu.

Hverjum nemenda er úthlutaður umsjónarkennari í samræmi við reglur Háskóla Íslands um meistaránám í talmeinafræði. Nemendum er einnig bent á að fletta upp í handbókinni eða leita svara á [vefsíðu talmeinafræðinnar](#).

Kynningarbækling um Talmeinafræði má finna hér:

https://www.hi.is/heilbrigdisvisindasvid_laeknadeild/kynningarefni

Nánari upplýsingar er jafnframt að finna á nýnemasiðu Háskóla Íslands:

<http://www.hi.is/adalvefur/nynemar>

Meistaránám í talmeinafræði

Um er að ræða tveggja ára (fjögurra missera) þverfræðilegt, rannsóknartengt nám í talmeinafræði, auk starfsþjálfunar. Námið er 120 ECTS einingar og telst fullgilt MS-próf. Inntökuskilyrði eru BA/BS/BEEd-próf með fyrstu einkunn.

Meistaránám í talmeinafræði skiptist í námskeið í skyldukjarna (90 ECTS) sem ákveðin eru af námsstjórn og tilgreind í kennsluskrá, eða sambærileg námskeið sem námsstjórn samþykkir sem valnámskeið. Auk þess lokaverkefni (30 ECTS), starfsþjálfun og málstofur. Við lok fyrsta námsárs skal nemandi hafa valið sér leiðbeinanda fyrir rannsóknarverkefni og veitir umsjónarkennari aðstoð við valið. Þá skal einnig liggja fyrir lýsing á rannsóknarverkefni og áætlun um framkvæmd þess.

Tekið er inn í meistaránám í talmeinafræði annað hvert ár og takmarkast fjöldi nýrra nemenda við töluna 15. Athuga ber að haustið 2020 var ákveðið að fjöldi nýnema yrði 18 en það er undantekning frá fyrri fjöldatakmörkun og gildir eingöngu fyrir 2020-2022 árganginn nema annað verði ákveðið síðar.

Markmið námsins er að veita nemendum vísindalega menntun og þjálfun og búa þá fyrst og fremst undir störf talmeinafræðinga á ýmsum vettvangi (t.d. á sjúkrastofnunum, endurhæfingastöðvum, á þjónustumiðstöðvum, heilsugæslustöðvum, leik- og grunnskólum eða einkareknum talmeinastofum) og vísindastörf af ýmsu tagi. Með náminu skal koma til móts við þarfir samfélagsins um rannsóknir, þjónustu og stefnumótun sem tengist talmeinafræði og efla þekkingu á því sviði.

Námið er skipulagt sameiginlega af Menntavísindasviði, íslensku- og menningardeild á Hugvísindasviði og læknadeild og sálfræðideild á Heilbrigðisvísindasviði.

Meistaránám í talmeinafræði er vistað í læknadeild sem hefur umsjón með því og brautskrást nemendur þaðan. Læknadeild annast umsýslu námsins, t.d. upplýsingagjöf til nemenda, tilkynningar, frágang kennsluskrár og slík atriði. Samstarfsdeildir og fræðasvið gera með sér samkomulag um framkvæmd námsins og þróun þess.

Forkröfur til að geta hafið meistaranám í talmeinafræði við HÍ

Nemendur sem hefja meistaranám í talmeinafræði skulu uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a. Hafa lokið BA, B.Ed. eða BS prófi með að jafnaði 1. einkunn

b. Hafa lokið eftirfarandi námskeiðum eða námskeiðum sem metin eru sambærileg af viðkomandi deild Háskóla Íslands:

Málfræði (íslenska/almenn málvísindi) – 40 einingar

- AMV415G Tal- og málmeið (10e)
- ÍSL110G Inngangur að málfræði (10e)
- ÍSL209G Málkerfið - hljóð og orð (10e)
- ÍSL508G Máltaka barna (10e)

Sálfræði – 35 einingar

- SÁL102G Tölfræði I (10e)
- SÁL203G Tölfræði II (5e)
- SÁL414G Þroskasálfræði (10e)
- SÁL418G Mælinga- og próffræði (10e)

Önnur námskeið en forkröfunámskeiðin og mat á þeim

Önnur sambærileg grunnnámskeið sem nemendur kynnu að hafa í upphafi náms verða metin sérstaklega, t.d. ef nemandi hefur lokið grunnnámi í talmeinafræði við erlendan háskóla. Nemandi getur óskað eftir að námskeið sem hann hefur tekið en fellur ekki undir tilgreindar forkröfur verði metið til fulls. Nemandi þarf að skila inn gögnum um viðkomandi námskeið, námskeiðslýsingu og lokaekunn til læknadeildar fyrir 1. maí eða 1. desember ár hvert. Fulltrúar úr námsbrautarstjórn taka ákvörðun um mat á námskeiðum og kalla til sérfræðinga eftir þörfum.

Námskeið í talmeinafræði 2020-2022

Upplýsingar er að finna í [Kennsluskrá](#).

Vettvangsheimsóknir nemenda í talmeinafræði

Athuga skal að árið 2020-2022 gilda aðrar reglur um vettvangsheimsóknir og starfsnám sem fara eftir þeim reglum sem gilda um sóttvarnir og fjarlægðatakmarkanir hverju sinni. Skilaboðum um reglur HÍ og sóttvarnaryfirvalda verður komið áleiðis til nemenda jafnskjótt og þau berast.

Hver nemandi þarf að ljúka samtals 25 klukkustundum á vettvangi áður en námi í talmeinafræði lýkur. Fyrstu önnina er gert ráð fyrir að nemendur ljúki a.m.k. 15 klukkustundum á vettvangi en hinar 10 dreifast jafnt og þétt á næstu misseri. Með vettvangi er átt við að nemendur heimsækja ýmsar starfsstöðvar talmeinafræðinga og fylgjast með talmeinafræðingum að störfum. Með þessu kynnast nemendur margvíslegum starfsvettvangi talmeinafræðinga og fá innsýn í greiningu og meðferð á ýmsum tal- og málmeinum áður en sjálfst starfsnámið hefst á vorönn (2. önn).

Nemendur fá nánari upplýsingar í námskeiðinu Fagleg og vísindaleg vinnubrögð – Starfsnám 1.

Hvað getur talist sem meðferðar-/greiningartími?

- nemandi fylgist með skjólstæðingi í tíma hjá talmeinafræðingi
- nemandi og leiðbeinandi ræða um skjólstæðing (bakgrunnsupplýsingar, markmið, framfarir o.s.frv.)
- nemandi fylgist með meðferð/greiningu á myndbandsupptöku
- nemandi skoðar þjálfunarefni eða verkefni sem tengist skjólstæðingnum (ræðir við leiðbeinandann eftir þörfum)
- annað - - þarf að vera vel skilgreint, t.d. fjölskyldufundur, hóptími, teymisfundur o.s.frv. Verður að tengjast skjólstæðingnum beint

Hlutverk leiðbeinanda

- fá leyfi hjá forráðamanni/aðstandanda skjólstæðings eða skjólstæðingi sjálfum fyrir því að talmeinafræðinemar megi fylgjast með greiningar-/meðferðartíma
- segja nema lauslega frá skjólstæðingi áður en tími hefst, þ.e. ef tími gefst til
- ræða við nema eftir að skjólstæðingur fer um markmið, framfarir og annað sem tengist skjólstæðingnum og svara spurningum nema
- ef meðferð: sýna þjálfunarefni og verkefni sem notuð eru í tímanum (frjálst)
- ef greining: sýna greiningartæki sem notuð eru í tímanum (frjálst)
- staðfesta heimsókn á eyðublaði sem neminn heldur utan um

Skyldur nemenda

- mæta stundvíslega
- ekki taka þátt í tímanum að öðru leyti en því að fylgjast með og skrá niður upplýsingar
- ekki skrifa niður persónugreinandi upplýsingar um skjólstæðinginn – munið að þið eruð bundin þagnarskyldu um allt sem fram fer í tímunum.
- ekki svara í farsíma í tíma með skjólstæðingi (slökkva á hringingu)
- láta talmeinafræðinginn vita ef þið getið alls ekki mætt í bókaða heimsókn (sjá nánar á blaðinu „Heimsóknir á vettvang“)
- aðrar upplýsingar: sjá ljósrit úr *Clinical Methods and Practicum in Speech-Language Pathology*



Meistaránám í talmeinafræði

Samantekt á klukkustundum í vettvangsheimsóknnum

Nafn nemanda _____

	Samtals klukkustundir
Málþroskafrávik	
Framburðarfrávik	
Stam og flausturmæli	
Raddveilur og hljómvandi	
Málstol/höfuðáverkar	
Þvoglumæli	
Kyngingartregða	
Heyrnarskerðing	
Skert boðskipti (t.d. einhverfa)	
Annað _____	
Annað _____	
Samtals	

Undirskrift umsjónarkennara: _____

Undirskrift nemanda: _____



Heimsóknir talmeinafræðinema á vettvangi

Nafn nemanda _____ Dags. _____

Viðfangsefni í heimsókn **mín.**

- Málþroskafrávik _____
- Framburðarfrávik _____
- Stam _____
- Raddveilur _____
- Málstol _____
- Tjáningartruflun vegna höfuðáverka _____
- Þvoglumæli _____
- Kyngingartregða _____
- Skarð í góm/vör _____
- Heyrnarskerðing _____
- Skert boðskipti (t.d. einhverfa) _____
- Annað (tal- og málmein) _____
- Annað (tal- og málmein) _____
- Annað (tal- og málmein) _____

- Umfjöllun um skjólstæðing við talmeinafræðing
(bakgrunnsupplýsingar, markmið þjálfunar, framfarir o.s.frv.) _____
- Þjálfunarefni skoðað _____
- Annað _____

Samtals mínútur _____ (rúnnið af: 15, 30, 45 eða 60 mínútur)

Undirskrift talmeinafræðings (leiðbeinanda)

Undirskrift nemanda

Vettvangur Upptaka Annað _____

Vinsamleg tilmæli

Ef þið getið alls ekki mætt í skipulagðan vettvangstíma verðið þið sjálf að sjá til þess að finna annan tíma í staðinn, annað hvort hjá sama talmeinafræðingi eða hjá öðrum. Ef tími fellur niður hjá talmeinafræðingi þá berið þið ábyrgð á að finna tíma hjá hinum sama eða öðrum.

Skil á blöðum

Vinsamlega haldið þessum blöðum til haga og skilið þeim öllum í lok misseris.

Starfsnám nema í talmeinafræði við Læknadeild Háskóla Íslands

Athuga skal að árið 2020-2022 er gilda aðrar reglur um vettvangsheimsóknir og starfsnám sem fara eftir þeim reglum sem gilda um sóttvarnir og fjarlægðatakmarkanir hverju sinni. Skilaboðum um reglur HÍ og sóttvarnaryfirvalda verður komið áleiðis til nemenda jafnskjótt og þau berast.

Almennt

Hver nemandi þarf að ljúka starfsnámi 275 klukkustundum (þar af 25 klst. í áhorf/vettvangsheimsóknir) áður en námi í talmeinafræði lýkur. Gert er ráð fyrir u.þ.b. 50 klukkustundum í starfsnámið á annarri og þriðju önn námsins en á lokaönninni verður hver nemi að vinna samfleytt á vettvangi á einni starfsstöð í fjórar vikur (um 160 klukkustundir). Það er á ábyrgð nemandans að halda utan um fjölda tíma í starfsnáminu en hann getur óskað eftir aðstoð frá umsjónarkennara ef tvísýnt er um að hann geti lokið öllum tímum áður en námi lýkur. Starfsnámið er skylda sem allir nemar í talmeinafræði á meistarastigi við Læknadeild HÍ verða að ljúka.

Í starfsnámi læra nemendur að nýta það sem þeir hafa lært í fræðilegu námi sínu undir leiðsögn talmeinafræðinga og talkennara sem hafa víðtæka reynslu af vinnu með skjólstæðingum með margs konar tal- og framburðartruflanir, málþroskaraskanir, áunnið málstol, kyngingarerfiðleika og margt fleira.

Til viðbótar traustum fræðilegum grunni á mörgum sviðum þurfa nemendur í starfsnámi að hafa góða færni í að koma frá sér í rituðu máli skýrslum og samantekt á því sem þeir eru að vinna. Jafnmikilvægt er að hafa góða getu til þess að tala við alls konar fólk og fólk á öllum aldri.

Nemendur í starfsnámi læra annars vegar að vinna sjálfstætt og hins vegar að vera hluti af teymi þar sem fleiri faghópar vinna saman með skjólstæðinga. Allt miðar þetta að því að nemendur geti í framtíðinni unnið sjálfstætt sem fullgildir talmeinafræðingar.

Nemendur í starfsnámi skulu vera samviskusamir og áreiðanlegir. Þeir eiga að koma vel undirbúnir til klínískrar vinnu sinnar og vera fullkomlega ábyrgir fyrir því sem þeir gera, eins og undirbúningi fyrir meðferðartíma, því að hitta skjólstæðinga sína og aðstandendur þeirra, skýrslugerð, samvinnu við annað starfsfólk og leiðbeinendur sína. Þetta eru lykilatriði í starfsnáminu. Í starfsnámi er að mörgu að hyggja og m.a. nauðsynlegt að gæta þess að blandast hvorki að óþörfu inn í líf skjólstæðinganna né að blanda þeim í sitt einkalíf. Við slíkar aðstæður þarf að fara varlega og gæta hófs og þagmælsku. Nemandi í starfsnámi skal koma fram sem fagmaður (professional) bæði í framgöngu, tali og klæðaburði.

Þegar neminn hefur lokið því tímabili á fyrstu önn námsins að fylgjast með meðferð hjá starfandi talmeinafræðingum, kemur að því að hann er tilbúinn til þess að taka að sér meðferð undir umsjón sjálfur. Klukkustundum er safnað fyrir *skimun*, *greiningu* og *meðferð* kyngingar- og margs konar erfiðleika og raskanir er varða mál og tal bæði barna og fullorðinna, þ.e. þar sem neminn á í beinum samskiptum við skjólstæðing. Einnig teljast með tímar sem fara í hvers kyns fundi um þá skjólstæðinga sem nemandinn er að vinna með. Má þar nefna fjölskyldu- og foreldrafundi, teymisfundi og skilafundi til að gefa nokkur dæmi. Þeir tímar sem nemar nota í áhorf telur hann sem slíka.

Hlutverk leiðbeinandans í starfsnámi

Hlutverk leiðbeinanda er að leiðbeina, fylgjast með, aðstoða og útskýra hvernig til tekst og hvað þarf að laga fyrir næsta skipti. Leiðbeinandinn ákveður með nemanum hvernig starfsnámstímabilinu er háttað og hvert innihald starfsnámsins er. Þetta felur í sér:

- Kynna nemanum vinnustaðinn og kynna honum bæði formlegar og óformlegar reglur sem gilda á staðnum
- Fara með honum um vinnustaðinn til að heilsa upp á þá sem vinna með sömu skjólstæðinga, ef það á við
- Koma sér saman um rútnur, t.d. að boða skjólstæðing í tíma, fá leyfi hans fyrir því að neminn vinni með honum undir handleiðslu, boða honum forföll osfrv.
- Finna viðeigandi verkefni fyrir nemann og skipuleggja með honum það sem hann á að gera í hvert skipti sem hann kemur, t.d. skilgreina með nemanum markmið hvers tíma og aðstoða við að fylla út markmiðsblöð, skrá niðurstöður verkefna sem lögð eru fyrir auk þess að kenna skýrsluskrif og undirbúa nemann við að gera grein fyrir skjólstæðingi á fundi
- Sækja um aðgang að tölvukerfum fyrir nemann þar sem það á við, t.d. á Landspítala-háskólasjúkrahúsi, Reykjalundi, Heyrnar- og talmeinstöð o.s.frv.
- Neminn skrifar undir þagnarskyldu
- Taka frá tíma fyrir handleiðslu
- Í byrjun starfsnámstímabilsins skal leiðbeinandinn gjarnan vera allan tímann inni með nemanum og síðan koma nokkuð oft inn í þjálfunartímann til að fylgjast með vinnunni. Á tímabilinu getur neminn svo smám saman unnið meira og meira sjálfstætt.
- Leiðbeinandi ber ábyrgð á meðferð skjólstæðinga sem neminn veitir, skráningu á niðurstöðum í tíma og/eða dagnótum sem neminn gengur frá að meðferð lokinni
- Láta forsvarsmenn námsbrautar vita af vandamálum sem upp kunna að koma
- Skila inn mati á nemanum á þar til gerð eyðublöð rafrænt til Læknadeildar (talmein@hi.is) eða á skrifstofu deildarinnar á 4.hæð í Læknagarði.

Hlutverk nemandans í starfsnámi

Hlutfall áhorfs, beinnar þjálfunar, þátttöku í fundum o.fl. er breytilegt á milli vinnustaða. Nemandi gengur eins og kostur er inn í daglega vinnu talmeinafræðinga. Í starfsnáminu gilda ákveðnar reglur um talningu á tímum (sjá á sér blaði). Í byrjun starfsnámstímabilsins skal leiðbeinandi gjarnan vera allan tímann inni með nemanum og síðan koma nokkuð oft inn í þjálfunartímann til að fylgjast með vinnunni. Á tímabilinu getur neminn svo smám saman unnið meira og meira sjálfstætt.

Neminn fær til afnota gögn, bæði einnota og margnota, í starfsnáminu. Nauðsynlegt er að fara vel með prófgögn og meðferðarefni sem neminn fær í hendur. Athuga þarf hvaða reglur gilda um eyðingu hjálpargagna eins og tunguspaða, hanska ofl. Þess háttar á þeim stöðum þar sem slíkt er notað.

Nemi í talmeinafræði skal kynna sér siðareglur talmeinafræðinga og talkennara.

Kynnið ykkur reglur um heilsuvernd á vinnustað eins og bólusetningar þeirra sem vinna með sjúklinga á heilbrigðisstofnunum (rauðir hundar, hettusótt, hepatitis B, berklapróf); handþvott o.fl.

Að öðru leyti fara nemar í einu og öllu eftir starfsreglum sem gilda á hverjum stað.

Ekki koma veik á vinnustað í starfsnáminu. Tilkynnið forföll til leiðbeinanda.

Þagnarskylda:

- Talið ekki um skjólstæðinga með nafni nema við leiðbeinanda og aðra sem vinna með sama einstakling
- Ekki ræða um skjólstæðinga opinberlega eða í kynningu eða umræðum um hann í tíma í skólanum
- Aldrei má skilja eftir gögn um skjólstæðinga á glámbekk
- Ekki er rétt að taka möppur með persónugreinandi upplýsingum um skjólstæðinga með sér heim
- Munið að fá skriflegt leyfi fyrir t.d. upptökum eða myndatökum af skjólstæðingum
- Gætið ávallt þagnarskyldu um vinnu ykkar eins og t.d. á netinu og hvar sem er



Þagnarskylda

Til nemenda í talmeinafræði við Háskóla Íslands

Í námi í talmeinafræði við HÍ eru oft gefin dæmi úr daglegum störfum talmeinafræðinga til að glæða kennsluna lífi. Stundum er óhjákvæmilegt að skjólstæðingur sjáist á mynd eða í myndbandi en í þeim tilvikum liggur ávallt fyrir leyfi viðkomandi skjólstæðings eða aðstandanda/forráðamanns hans. Í annan stað getur verið um tilbúin dæmi að ræða þar sem leitast er við að leynd persónuupplýsingum um viðkomandi en þó getur það gerst að nemendur telji sig kannast við tilgreindan einstakling. Því er mikilvægt að þú sem nemandi hvorki ræðir um skjólstæðinginn eða málefni hans utan kennslustofunnar né veitir óviðkomandi aðgang að slíkum upplýsingum.

YFIRLÝSING NEMANDA

Ég undirrituð/undirritaður heiti því að gæta fullrar þagnarmælsku og trúnaðar um persónuleg málefni fólks sem ég fæ vitneskju um í námi mínu í talmeinafræði við Heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands, hvort sem er í kennslustundum innan skólans, í vettvangsnámi eða hverjum öðrum þeim aðstæðum sem tengjast talmeinafræðináminu. Þetta á við um einkamál skjólstæðinga og aðstandenda þeirra og allt er varðar tjáskiptavanda þeirra, heilsufar, þjónustuúrræði og önnur þau atriði er leynt skulu fara. Þagnareiðnum skal framfylgt samkvæmt lögum um starfsréttindi heilbrigðisstétta, fyrirmælum yfirmanna eða eðli málsins.

Einnig heiti ég því að hlaða ekki niður upptökum úr kennslustundum til varðveislu eða veita öðrum aðgang að þeim.

Þagnarskyldan helst eftir að námi mínu við Háskóla Íslands lýkur.

Staður: _____ Dagsetning: _____

Undirskrift nemanda: _____

Kennitala: _____

Viðmið um talningu á tímum í starfsnámi

Starfsnám 2

Leiðbeinandi og nemandi funda í upphafi og í lok vettvangsdags og nemandi gefst ráðrúm til að ljúka undirbúningi fyrir meðferðartímana

1. vika: leiðbeinandinn sér um tímana og nemandinn fylgist með (talning: 3 klst. áhorf)
2. vika: leiðbeinandinn sér um u.þ.b. 2/3 tímans með hverjum skjólstæðingi og nemandinn 1/3 (talning: 4 klst., þ.e. 3 klst. talþjálfun/greining + ein klst. í undirbúning)
3. vika: leiðbeinandinn sér um u.þ.b. 1/2 tímans og nemandinn 1/2 (talning: 4 klst., þ.e. 3 klst. talþjálfun/greining + ein klst. í undirbúning)
4. vika: leiðbeinandinn sér um u.þ.b. 1/3 tímans og nemandinn 2/3 (talning: 4 klst., þ.e. 3 klst. talþjálfun/greining + ein klst. í undirbúning)
5. vika: nemandinn sér alfarið um tímann (talning: 4 klst., þ.e. 3 klst. talþjálfun/greining + ein klst. í undirbúning)
6. vika: nemandinn sér alfarið um tímann (talning: 4 klst., þ.e. 3 klst. talþjálfun/greining + ein klst. í undirbúning)
7. vika: nemandinn sér alfarið um tímann (talning: 4 klst., þ.e. 3 klst. talþjálfun/greining + ein klst. í undirbúning)

Starfsnám 3

Leiðbeinandi og nemandi funda í upphafi og í lok vettvangsdags og nemandi gefst ráðrúm til að ljúka undirbúningi fyrir meðferðartímana

1. vika: leiðbeinandinn sér um tímana og nemandinn fylgist með (talning: 3 klst. áhorf). Leyfilegt er að víkja frá þessu ef leiðbeinandinn telur nemandann tilbúinn til að hefja meðferð strax fyrstu vikuna
2. vika: leiðbeinandinn sér um u.þ.b. 1/3 – 1/2 tímans með hverjum skjólstæðingi og nemandinn 1/3 – 1/2; eftir því hversu leiðbeinandinn telur nemandann tilbúinn að takast á við meðferð (talning: 4 klst., þ.e. 3 klst. talþjálfun/greining + ein klst. í undirbúning)
3. vika: leiðbeinandinn sér um u.þ.b. 1/3 tímans eða leyfir nemandanum að sjá um allan tímann (talning: 4 klst., þ.e. 3 klst. talþjálfun/greining + ein klst. í undirbúning)
4. vika: nemandinn sér alfarið um tímann (talning: 4 klst., þ.e. 3 klst. talþjálfun/greining + ein klst. í undirbúning)
5. vika: nemandinn sér alfarið um tímann (talning: 4 klst., þ.e. 3 klst. talþjálfun/greining + ein klst. í undirbúning)
6. vika: nemandinn sér alfarið um tímann (talning: 4 klst., þ.e. 3 klst. talþjálfun/greining + ein klst. í undirbúning)
7. vika: nemandinn sér alfarið um tímann (talning: 4 klst., þ.e. 3 klst. talþjálfun/greining + ein klst. í undirbúning)

Staðbundið starfsnám

Með staðbundnu starfsnámi er átt við að á fjórðu önn námsins vinni nemandi samfleytt í fjórar vikur á vettvangi á einni starfsstöð undir leiðsögn talmeinafræðings. Nemandinn skilar þannig sem nemur 160 klukkustundum í starfsnámi. Hann velur starfsstöð í samráði við umsjónarmann starfsnámsins. Ekki er alltaf hægt að verða að óskum nemandans en reynt verður þó að fara eftir áhugasviði hans ef leiðbeinandi er til staðar á því sviði.

Nemandi gengur í hefðbundin störf talmeinafræðings á starfsstöðinni, leggur fyrir próf, veitir meðferð, situr teymisfundi, allt eftir því í hverju starf talmeinafræðingsins felst á hverjum stað. Þegar um er að ræða starfsstöð þar sem talmeinafræðingur er ekki til staðar (t.d. á þjónustumiðstöð Reykjavíkurborgar) sér m.a. Heyrnar- og talmeinafræðingur um að nemandi fá leiðsögn og handleiðslu við hæfi.

Hlutverk leiðbeinanda og nemenda í staðbundnu starfsnámi

Í lok þriðja misseris er gert ráð fyrir að nemendur séu komnir með staðgóða þekkingu á eftirfarandi:

- hafi tamið sér virðingu í umgengni við skjólstæðinga og samstarfsfólk
- hafi kynnt sér siðareglur FTT
- geti aflað bakgrunnsupplýsinga um skjólstæðinginn
- þekki reglur sem gilda um fyrirlögn prófa
- þekki reglur sem gilda um útreikninga á matstækjum og þekki próffræðilega eiginleika þeirra
- geti túlkað niðurstöður úr prófum í tengslum við markmiðssetningu og meðferð
- geti skipulagt þjálfun, skrifað meðferðaráætlun og tekið dagnótur í lok tíma
- þekki margvíslegar aðferðir sem eru árangursríkar í meðferð á tal- og málmeinum
- geti skrifað ítarlega greiningarskýrslu um niðurstöður prófa
- geti skrifað greinargóða en knappa skýrslu um árangur skjólstæðings við útskrift
- hafi víðtækan fræðilegan grunn til að meta tal- og málmeini

Í staðbundnu starfsnámi er æskilegt að nemanda verði leiðbeint um eftirfarandi:

- að temja sér einstaklingsmiðaða námsgagnagerð
- að læra að boða eða afboða skjólstæðinga og bera ábyrgð á stundatöflu
- að kynnast teymisvinnu og/eða samvinnu við aðra á vinnustaðnum
- að læra reikningagerð (þegar það á við)
- að temja sér sjálfstæð og skilvirk vinnubrögð
- að dýpka þekkingu á þeim málefnum sem leiðbeinandi sérhæfir sig í

Hlutverk leiðbeinanda er einkum að tryggja að nemandinn fái sem víðtækasta reynslu af þeim viðfangsefnum sem verið er að vinna að á starfsstöðinni hverju sinni. Líkt og í fyrra starfsnámi kynnir leiðbeinandi nemanum reglur sem gilda á vinnustaðnum, kynnir hann fyrir öðru starfsfólki, sækir um aðgang fyrir nemandann að tölvukerfum (ef það á við), sýnir honum vinnuáðstöðuna og próf- og meðferðargögn og tekur frá tíma fyrir vikulega handleiðslu. Leiðbeinandi ber ábyrgð á meðferð skjólstæðinga sem nemandinn veitir, skráningu á niðurstöðum í tíma og/eða dagnótum og umsögnum um skjólstæðinginn sem nemandinn sér um lok hvers meðferðartíma og í lok meðferðartímabilsins.

Æskilegt er að leiðbeinandinn verði nemandanum innan handar fyrstu daga starfsnámsins til að taka á þeim vandamálum sem upp geta komið og á meðan nemandinn er að læra handbrögðin. Vert er að ítreka að nemandinn á að vera nokkuð sjálfstæður í vinnu með skjólstæðingum á þessu stigi í náminu.

Æskilegt er að leiðbeinandinn hitti nemandann að minnsta kosti vikulega á fundum þar sem farið er yfir frammistöðu nemandans (sjálfsmat hans og umsögn frá leiðbeinandanum) og næsta vika undirbúin. Ágætt er að hafa í huga að þrátt fyrir að nemandinn eigi að hafa tileinkað sér sjálfstæð vinnubrögð er mismunandi hversu mikla reynslu hann hefur á málefnum þeim sem viðkomandi starfsstöð sinnir. Þetta þarf að meta í hverju tilviki fyrir sig.



Hæfnismat fyrir starfsnám í talmeinafræði

Nafn nemanda _____

Í vinnuferli starfsnámsins felst að leiðbeinandi og nemandi fari sameiginlega yfir meðfylgjandi hæfnismat í **upphafi** og **við lok** hvers starfsnámstímabils. Að loknu námi þarf nemandinn að sýna að hann hafi tök á þeim færniþáttum sem taldir er upp hér að neðan. Til að nemandi geti staðist starfsnámið þarf hann að fá eftirfarandi lágmarksfjölda stiga fyrir hverja önn:

Starfsnám 2 = 20 af 28 stigum; Starfsnám 3 = 22 af 28 stigum; Starfsnám 4 = 25 af 28 stigum

Vinsamlega lesið eftirfarandi færni viðmið, merkið við (x) það sem við á og farið saman yfir í lokin. Athugið fyrir hvern fullnægjandi þátt fær nemandinn 1 stig.

Samskiptafærni

	Á ekki við	Ófullnægjandi	Fullnægjandi
Nemandi sýnir skilning á skjólstæðingi sínum sem einstaklingi og skilur erfiðleika hans, þarfir og áhyggjur			
Nemandi nær að ávinna sér traust og trúnað skjólstæðingsins og aðstandenda hans þannig að hann getur tjáð tilfinningar sínar og áhyggjur			
Nemandi kemur á viðeigandi hátt til skila upplýsingum til skjólstæðingsins um til hvers er ætlast af honum			
Nemandi hlustar, spyr spurninga, tekur þátt með leiðbeinanda í meðferð og/eða umræðum með skjólstæðingi um meðferð hans; fer ekki í vörn			
Nemandi biður um aðstoð frá leiðbeinanda og/eða öðru fagfólki þegar það á við			
Nemandi á samskipti við annað fagfólk á viðeigandi hátt			

Fagleg færni

Þróun og skipulag

	Á ekki við	Ófullnægjandi	Fullnægjandi
Nemandi nýtir sér fræðilega þekkingu í starfsnáminu			
Nemandi aflar gagnlegra viðbótarupplýsinga úr bókum eða greinum um vandamál sem koma upp og/eða með því að fylgjast með öðrum skjólstæðingum með svipuð vandamál			
Nemandi setur upp mælanleg markmið í framhaldi af greiningu og mati á skjólstæðingi			
Nemandi setur upp viðeigandi þjálfunarmarkmið fyrir skjólstæðinginn og skipuleggur og velur meðferðarleiðir og -gögn			
Nemandi skipuleggur aðferðir til að halda skjólstæðingnum að verki (felur í sér að skipuleggja vinnuaðstæður og geta brugðist við óæskilegri hegðun)			

Fagleg færni

Greining

	Á ekki við	Ófullnægjandi	Fullnægjandi
Nemandi leggur „stöðluð“ próf fyrir skv. fyrir mælum sem þeim fylgja			
Nemandi undirbýr sig vel áður en greiningarpróf eru lögð fyrir: a) með því að taka til viðeigandi efni b) með því að kynna sér hvernig prófin eru lögð fyrir			
Nemandi er nákvæmur í fyrirgjöf og á greiningarprófum			
Nemandi túlkar niðurstöður greiningarprófa af nákvæmni			
Nemandi túlkar niðurstöður greiningarprófa með hliðsjón af öðrum upplýsingum sem til eru um skjólstæðinginn			
Nemandi heldur áfram að meta getu skjólstæðingsins á meðferðartímabilinu með því að fylgjast með framgangi hans og skrá athuganir og niðurstöður prófa og verkefna sem lögð eru fyrir			
Nemandi gefur viðeigandi ráð eða tilvísanir studdar upplýsingum greiningar og meðferðar			

Fagleg færni

Þjálfun

	Á ekki við	Ófullnægjandi	Fullnægjandi
Nemandi gefur skýr og nákvæm fyrirsmæli þegar meðferðarefni og prófgögn eru lögð fyrir			
Nemandi lagar málnotkun að getu skjólstæðingsins			
Nemandi heldur sig við skipulögð verkefni í meðferðartíma en sýnir aðlögunarhæfni og sveigjanleika eftir þörfum			
Nemandi hefur skilning á þjálfunarmarkmiðum og þeim aðferðum sem notaðar eru með skjólstæðingnum			
Nemandi notar viðeigandi endurgjöf og hvatningu við skjólstæðinginn			
Nemandi getur komið með hugmyndir um hvað hefði mátt betur fara ef meðferðartíminn fer ekki eins og skipulagt var			

Fagleg færni

Skýrslugerð

	Á ekki við	Ófullnægjandi	Fullnægjandi
Nemandi skrifar viðeigandi og nákvæma skýrslu um niðurstöður			
Nemandi skrifar skýrt og skipulega, af nákvæmni og notar viðeigandi málsnið			
Nemandi velur viðeigandi upplýsingar til að segja aðstandendum			
Nemandi velur viðeigandi upplýsingar til að deila með öðrum fagaðilum			

Samtals _____ stig fyrir starfsnám 2 3 4

Vinsamlegast setjið hring utan um viðeigandi starfsnámstímabil

Nafn handleiðara _____

Staður og dagsetning _____



Hæfnismat - Samantekt

Dragið hring utan um rétta önn:

Haust fyrri hrina seinni hrina

Vor fyrri hrina seinni hrina

Nafn nemanda _____ Nafn leiðbeinanda _____ Ár _____

Sumar

Merkið við með **X** þar sem það á við:

	Á ekki við	Ófullnægjandi	Fullnægjandi
1. Mætir á réttum tíma til að hitta skjólstæðing			
2. Afboðar skjólstæðing þegar nauðsyn krefur			
3. Mætir í boðaðan tíma hjá leiðbeinanda eða afboðar sé það nauðsynlegt			
4. Skilar inn meðferðaráætlun á réttum tíma.			
5. Skilar skýrslum á réttum tíma			
6. Virðir þagnarskyldu og gætir trúnaðar um alla faglega starfsemi			
7. Notar viðeigandi talsmáta við skjólstæðing (raddstyrk, tal og mál)			
8. Persónuleg framkoma og trúverðugleiki er viðeigandi í klínísku umhverfi			
9. Er meðvitaður um faglegar takmarkanir sínar og heldur sig innan þess ramma sem starfsnámið gefur			
10. Stenst hæfnismat starfsnámsins			

Samtals stig úr hæfnismati: _____

Nemandi hefur staðist ekki staðist starfsnám í talmeinafræði.

Dags. _____

Undirskrift leiðbeinanda

YFIRLIT YFIR FJÖLDA OG DREIFINGU VINNUSTUNDA Í STARFSNÁMI NEMA Í TALMEINAFRÆÐI

Vinsamlega dragið hring utan um viðeigandi

Vorönn 2021 Sumar 2021 Hausti 2021 Vor 2022

Nafn nemanda: _____

Fyrri hluti Fyrri hluti Staðbundið

Seinni hluti Seinni hluti Annað

		ÁHORF:	UNDIRB.	GREINING:	MEDFERÐ:	SAMTALS:*	LÁGMARKS-
			FUNDIR				
MÁLÞROSKAFRÁVIK	Börn						40
	Fullorðnir						
MÁLSTOL	Börn						30
	Fullorðnir						
KYNGINGARTREGÐA	Börn						10
	Fullorðnir						
MÁLHLIÓÐARÖSKUN	Börn						40
	Fullorðnir						
ÞVOGL/VERKSTOL	Börn						10
	Fullorðnir						
STAM	Börn						15
	Fullorðnir						
RADDVEILUR/HLJÓM-	Börn						15
	Fullorðnir						
ANNAD	Börn						
	Fullorðnir						
Heildarfjöldi klst:							

*Athugið að áhorfstímar teljast ekki með í samtölu

Undirskrift nema í talmeinafræði

Dagsetning

Undirskrift leiðbeinanda

Eftirfarandi gögnum á að skila til skrifstofu Læknadeildar:

(Athugið að einnig má senda skönnuð blöð í tölvupósti á netfangið: talmein@hi.is).

Leiðbeinandi

1. **Hæfnismat** – Leiðbeinandi og nemandi fara saman yfir hæfniviðmið námskeiðsins áður en matsblaðið er fyllt út. Leiðbeinandi og nemandi fylla út matsblaðið (þ.e. hæfnismatið) hvor í sínu lagi og bera síðan saman. Leiðbeinandi getur breytt mati sínu eftir viðtal við nemandann en ef þeir eru ekki sammála skal farið eftir mati leiðbeinanda. Leiðbeinandi merkir við hvort nemandi hefur staðist eða ekki staðist starfsnámið og skilar samantekt á hæfnismati undirrituðu til skrifstofu Læknadeildar.

Nemandi

2. **Yfirlitsblað** – Nemandi tekur saman tímana sem hann hefur unnið í starfsnáminu og færir þá inn á yfirlitsblaðið. Leiðbeinandi fer yfir tímana og staðfestir þá með undirskrift sinni. Nemandi skilar undirrituðu yfirlitsblaðinu til skrifstofu Læknadeildar. Æskilegt er að nemandi geymi ljósritað afrit af yfirlitsblaðinu í sínum fórum. Nemandi ber ábyrgð á að halda utan um starfsnámstímana sína. Honum ber að tilkynna skrifstofu tímanlega ef hann telur sig ekki getað lokið tilskildum tímafjölda í starfsnáminu áður en námi í talmeinafræði lýkur.

M.S. ritgerð í talmeinafræði

Við lok fyrsta námsárs skal nemandi hafa valið sér leiðbeinanda fyrir rannsóknaverkefni og veitir umsjónarkennari aðstoð við valið. Þá skal einnig liggja fyrir lýsing á rannsóknaverkefni og áætlun um framkvæmd þess. Námsstjórn samþykkir lýsingu og áætlun.

Sjá nánar um leiðbeinendur, námsmat, skil og frágang ritgerða í reglum Háskóla Íslands um meistaranám í talmeinafræði. Sjá nánar um vinnuferla og eyðublöð til útfyllingar fyrir meistarpófsverkefni á næstu síðum.



Meistaraprófsverkefni í talmeinafræði

Vinnuferlar og tímaáætlun

Verkferlar	Útskrift júní 2022	Útskrift október 2022
Rannsóknarhugmynd og viðfangsefni	15. júní	15. september
Leiðbeinandi fundinn	30. júní	30. september
Rannsóknaráætlun og rannsóknarspurning – skil til leiðbeinanda	15. september	15. nóvember
Meistaraprófsnefnd skipuð	5. október	5. desember
Fundur nema með meistaraprófsnefnd	Fyrir 20. október	Fyrir 20. desember
Rannsóknaráætlun send inn til rannsóknarnámsnefndar til yfirlstrar	1. nóvember	1. janúar
Sækja um til Vísindasiðanefndar	15. nóvember	15. janúar
Nemar kynna hver fyrir öðrum	20. janúar	20. janúar
Kynning nema á rannsóknarverkefni. Opin fræðileg ráðstefna fyrir væntanlega nema talmeinafræðinga eða fyrir opnu húsi í Læknadeild	23. mars	?
Skil á verkefni til leiðb.	A.m.k. fjórum vikum fyrir útskrift	A.m.k. fjórum vikum fyrir útskrift
Skil til meistara-prófsnefndar	A.m.k. tveimur vikum fyrir útskrift	A.m.k. tveimur vikum fyrir útskrift

Meistararitgerð

Hugmynd að rannsóknarviðfangsefni

Nemandi:

Kennitala:

Hí-netfang:

Símar:

Titill / vinnuheiti verkefnis:

Stutt lýsing á verkefninu (markmið og innihald): Athugið hér á einungis að koma fram mjög stutt lýsing á rannsóknarviðfangsefninu

Ósk um leiðbeinanda: Ef nemandi hefur ósk um ákveðinn leiðbeinanda og/eða hefur rætt við væntanlegan leiðbeinanda þá á það að koma hér fram.

Nemandi sendi til þóru Másdóttur tm@hi.is 15. júní eða 15. september.

Meistararitgerð í talmeinafræði við Læknadeild Háskóli Íslands

Meistaraprófsnefnd: Leiðbeinandi og sérfræðingar

Nemandi:

Kennitala:

HÍ-netfang:

Símar:

Titill verkefnis:

Íslenskt heiti:

Enskt heiti:

Áætluð námslok:

Umsjónarkennari:

Meistaraprófsnefnd:

Leiðbeinandi:

Netfang

Símanúmer

Sérfræðingur 1

Netfang

Símanúmer

Sérfræðingur 2

Netfang

Símanúmer

Námsstjórn þarf að samþykkja leiðbeinanda og sérfræðinga

Bakgrunnur nemenda:

Fyrri háskólagráða:

Heiti lokaverkefnis:

Athugasemdir:

Meistararitgerð í talmeinafræði við Læknadeild Háskóli Íslands

Leiðsagnarfundur – fundargerð (nemandi skráir og sendir leiðbeinanda)

Nemandi:

Dags.:

HÍ-netfang:

Símar:

Undirbúningur

Fundargerð/helstu niðurstöður

Verkefni fyrir næsta fund



Námsbraut í talmeinafræði

UPPLÝSINGAR MEÐ RANNSÓKNARÁÆTLUN

NEMANDI

Nafn		Kennitala	
Netfang		Sími	

VERKEFNI

Íslenskt heiti			
Enskt heiti			
ECTS			
Áætluð námslok (misseri/ár)			

LEIÐBEINANDI, UMSJÓNARKENNARI, NEFND

Leiðbeinandi		Námsgráða/vinnutitill	
Netfang		Vinnustaður	
Umsjónarkennari		Námsgráða/vinnutitill	
Netfang		Vinnustaður	
Sérfræðingur		Námsgráða/vinnutitill	
Netfang		Vinnustaður	
Sérfræðingur		Námsgráða/vinnutitill	
Netfang		Vinnustaður	

*Leiðbeinandi og umsjónarkennari eru að öllu jöfnu sami aðili. Ef ekki skal aðeins tilgreina einn nefndarmann.

BAKGRUNNUR NEMANDA

Fyrri háskólagráða:

Skóli og deild		Námslok (misseri/ár)	
Gráða		Lokaeinkunn	
Heiti lokaverkefnis (ef við á)			
Leiðbeinandi			

Starfsreynsla:

Vinsamlega tilgreindu mjög stuttlega störf, rannsóknarvinnu og/eða annað nám/endurmenntun sem þú hefur lokið, ef við á. Ekki er nauðsynlegt að telja fram alla ferilskrá heldur einungis þá reynslu sem þú telur að nýtist í vinnu við verkefnið.

--

NÁMSFERILL

Hér skal setja inn afrit úr Uglunni

Rannsóknaráætlun

Leiðbeinandi og nemandi gera með sér verk- og rannsóknaráætlun þar sem verkefninu er lýst og sett fram áætlun um framvindu verksins og samstarf leiðbeinanda og nemanda. Markmið rannsóknaráætlunar er að afmarka verkefnið, skýra tilgang þess og skilgreina rannsóknarspurningar og aðferð.

Lokaverkefni til M.S.-gráðu geta verið með ólíkum hætti. Í öllum tilvikum er þó mikilvægt að nemandi sem tekst á við það *nálgist viðfangsefni sitt sem rannsókn* og setji fram rannsóknaráætlun.

Eftirfarandi atriði þurfa að koma fram en nemandinn og leiðbeinandi hans geta aðlagð þau til samræmis við tegund verkefnis og tilgang þess:

- **Drög að uppbyggingu ritgerðar**
- **Greinargerð og rökstuðningur fyrir vali á viðfangsefni:** Kynning og afmörkun efnis. Markmið verkefnis, rannsóknarspurningar sem leita á svara við, álitamál sem varpa á ljósi á í verkefninu. Rök fyrir vali verkefnisins (af hverju það er mikilvægt), hvernig það tengist reynslu eða áformum höfundar. Vísindalegt og/eða hagnýtt gildi verkefnis.
- **Fræðilegur bakgrunnur:** Stutt lýsing á stöðu þekkingar á viðkomandi fræðasviði, skýringar á hugtökum eftir því sem þörf er á. Hvernig rannsóknin tengist fyrri rannsóknum og/eða kenningum á sviðinu.
- **Aðferð:** Gagnaöflun og fyrirhuguð úrvinnsla gagna. Tengsl rannsóknarspurningar og aðferðar (hvernig aðferð er valin). Kostir og gallar rannsóknarsniðsins.
- **Umfjöllun um siðferðileg atriði og hvaða leyfa þarf að afla** (ef við á).
- **Heimildaskrá** um það efni sem vitnað er til í rannsóknaráætluninni.

Viðmið um lengd rannsóknaráætlunar: 2000 – 3000 orð.

Upp úr rannsóknaráætlun vinnur nemandi stutta lýsingu þar sem fram koma markmið verkefnisins í hnotskurn; rannsóknarspurning(-ar), helstu aðferðir og umfang verkefnisins. Þessari samantekt skilar nemandi til *Nefndar um meistaraverkefni í talmeinafræði* (NUMT), tm@hi.is. Miða skal við að lýsingin sé u.þ.b. 500 orð.

Stuðst við reglur um gerð rannsóknaráætlana til meistaraprófsgráðu, m.a. á Menntavísindasviði

Vinnuferli meistaraverkefnis meistaránema í talmeinafræði

Hlutverk nemanda

- Nemandi ber ábyrgð á framvindu meistaraverkefnis síns og tímaáætlunum.
- Nemandi kallar saman meistaraprófsnefnd þegar þörf er á, í samráði við leiðbeinanda.
- Gott getur verið að nemandi sendi fundargerð á leiðbeinanda og nefndarmenn eftir nefndarfundi.
- Lokafrágangur, heimildaskráning og prófarkalestur er á ábyrgð nemanda.
- Nemandi skrifar umsókn til Persónuverndar, Vísindasiðanefndar eða annarra siðanefnda eftir því sem þar á við

Hlutverk leiðbeinanda

- Leiðbeinandi veitir nemandanum hvatningu og aðhald við vinnu við lokaverkefni.
- Leiðbeinandi ráðleggur nemandanum um eftirfarandi atriði:
 - a. afmörkun efnisins
 - b. heimildaleit
 - c. skilgreiningu markmiða og rannsóknaspurninga
 - d. gerð rannsóknaráætlunar
 - e. öflun rannsóknargagna, úrvinnslu þeirra og greiningu
 - f. framsetningu á niðurstöðum
 - g. ritgerðarsmíðina í heild
- Leiðbeinandi er ábyrgðarmaður á umsóknum til Persónuverndar og Vísindasiðanefndar.
- Leiðbeinandi fylgist með framvindu verksins og metur það með hliðsjón af rannsóknar- og námsáætlun.

Hlutverk meistaraprófsnefndar

- Meistaraprófsnefnd samþykkir rannsóknaráætlun og aðferðafræði sem lögð er upp
- Telji nefndarmenn að meistararitgerð sé ekki tilbúin fyrir meistaravörn er nefnd heimilt að fresta vörn þar til meistararitgerð hefur verið betrumbætt.

Samstarf nefndar og nemanda

- Nemandi, leiðbeinandi og meistaraprófsnefnd ákveða í sameiningu hvernig samvinnu og yfirlestri er háttað, t.d. hvort handriti er skilað í heilu lagi eða stökum köflum til yfirlestrar á mismunandi stigum vinnunnar og einnig hvernig yfirlestur skiptist á milli nefndarmeðlima, t.d. eftir sérþekkingu. Allir aðilar (leiðbeinandi, aðrir nefndarmenn og nemandi) geta gert kröfu um reglubundin samskipti meðan unnið er að verkinu.
- Til viðmiðunar ættu leiðbeinandi og sérfræðingarnir í meistaraprófsnefnd að vera sátt við handritið í heild um fimm vikum fyrir vörn.

Frágangur meistararitgerða frá Læknadeild

Forsíða er í lit Heilbrigðisvísindasviðs og meistararitgerðir skulu prentaðar í A4 stærð. Athugið að sniðmátið er til viðmiðunar og varast ber að láta sniðmátið stjórna framsetningu á efni ritgerðarinnar. Megintexti 30 eininga meistararitgerðar skal ekki vera lengri en 20.000 orð. Almennar upplýsingar og reglur um uppbyggingu og frágang meistararitgerða, undirbúning og framkvæmd meistaravarna sem og aðrar upplýsingar sem nýtast MS nemum við Læknadeild er að finna á [innri vef Uglunnar](#). Sjá t.d. sniðmát fyrir kynningu á vörn í Talmeinafræði undir flípanum „Undirbúningur meistaravarna“.

Mat á lokaverkefnum til meistaraprófs - helstu viðmið

Eftirfarandi viðmið um mat á lokaverkefnum til meistaraprófs eru almenn og sett fram til leiðbeiningar fyrir nemendur, leiðbeinendur, meistaraprófsnefndir og prófdómara.

Eftirfarandi atriði endurspeglar helstu viðmið við mat á meistaraprófsritgerðum.

1. Er viðfangsefnið vel kynnt í upphafi ritgerðarinnar? Er val viðfangsefnis og mikilvægi þess rökstutt?
2. Eru markmið verkefnisins skýr?
3. Er gerð góð grein fyrir fræðilegum bakgrunni á rannsóknarsviðinu? Er fjallað um þau álitamál sem tengjast viðfangsefninu?
4. Hvernig eru heimildir valdar og nýttar?
5. Gerir höfundur grein fyrir rannsóknaraðferðum, framkvæmd rannsóknarinnar, gagnasöfnun, þátttakendum og úrvinnslu gagna á skýran og greinargóðan hátt?
6. Er meðferð og úrvinnsla rannsóknargagna vönduð, greinandi og gagnrýnin?
7. Er lýsing á niðurstöðum rannsóknarinnar skýr?
8. Er gætt eðlilegrar varfærni þegar ályktanir eru dregnar? Gerir höfundur sér grein fyrir takmörkunum verkefnisins?
9. Hversu góð er framsetning efnisins? Myndar ritgerðin eina heild? Er markmiðum náð og rannsóknarspurningum svarað? Eru mikilvægustu niðurstöður rannsóknarinnar dregnar saman í niðurlagi og helsti lærdómur sem af henni má draga?
10. Hvernig er málfar og frágangur? Er frágangur og framsetning taflna góð, ef við á?
11. Sýnir höfundur hugkvæmni eða varpar hann nýju ljósi á viðfangsefnið? Hvert er gildi verkefnisins? Leiðir það af sér nýja þekkingu?
12. Er gerð grein fyrir siðferðilegum atriðum eða álitamálum ef um slíkt er að ræða?

Önnur viðmið en hér hafa verið nefnd geta ráðist af eðli hvers viðfangsefnis. Sem dæmi má nefna að ólík viðmið geta að hluta átt við um verkefni sem byggjast á eigindlegum og megindelegum rannsóknaraðferðum.

Vinnuferli fyrir meistaraþrófsverkefni

Skráning í brautskráningu

Nauðsynlegt er að nemandi skrái sig í brautskráningu á Uglunni og geri skrifstofu læknadeildar viðvart um fyrirhuguð námslok við upphaf misseris. Við endurskoðun námskeiðaskráninga skv. kennsluálfmanaki, á hverju misseri getur nemandi breytt þessari skráningu ef þarf (blár borði í Uglu).

Prófdómara valdir (þremur mánuðum fyrir vörn)

Leiðbeinandi, meistaraþrófsnefnd og/eða nemandi leggja til einn prófdómara við rannsóknarnámsnefnd læknadeildar í samráði við námsstjórn.

Lokasamþykki leiðbeinanda og meistaraþrófsnefndar á handriti (um fimm vikum fyrir vörn)

Athugasemdir hafi borist frá leiðbeinanda og meistaraþrófsnefnd. Nemandi endurbætir ritgerð í samráði við leiðbeinanda fyrir skil til prófdómara.

Skil á verkefni til prófdómara (þremur til fjórum vikum fyrir vörn)

Þegar leiðbeinandi og meistaraþrófsnefnd eru sammála um að handrit sé fullbúið er verkefnið sent utanaðkomandi prófdóma (rafrænt) til mats. Prófdómari fær tvær til þrjár vikur til að samþykkja handrit eða gera athugasemdir. Eftir að verkefni hefur verið skilað til prófdómara eru breytingar ekki leyfðar.

Prófdómara senda samþykki eða athugasemdir til nemanda eigi síðar en viku fyrir áætlaða vörn. Nemandi leggur lokahönd á handrit fyrir prentun.

Nemandi sendir skrifstofu Læknadeildar útdrátt til auglýsingar (um viku fyrir vörn). Skrifstofa Læknadeildar auglýsir vörnina á viðburðadagatali HÍ og sendir auglýsingu á póstlista.

Nemandi setur handrit í prentun

Prentun tekur yfirleitt einn til tvo daga. Nemandi ber ábyrgð á kostun prentunar.

Skil á prentuðum eintökum (eigi síðar en tveimur dögum fyrir vörn)

Nemandi skilar 6 eintökum af meistaraþrófsverkefni sínu í prentuðu formi á skrifstofu læknadeildar. Eitt eintak fer til leiðbeinanda, tvö til meistaraþrófsnefndar, eitt til prófdómara, eitt til prófstjóra og eitt til skrifstofu. Til viðbótar getur nemi skilað eintaki til samstarfsaðila, t.d. stofnunar sem veitti aðgang að gögnum. Jafnframt þarf að skila rafrænu eintaki í [Skemmuna](#).

Meistaraþrófsvörn

Þegar prófdómara hafa samþykkt lokaverkefnið fer fram opin meistaraþrófsvörn þar sem nemandi ver verkefni sitt munnlega. Nemandi gerir grein fyrir verkefni sínu í 15 mín. erindi og bregst svo við spurningum prófdómara sem fær um 15 mín. til spurninga. Að því loknu er opnað fyrir spurningar úr sal. Prófdómari gefur lokaeinkunn fyrir meistaraþrófsverkefnið, sem er samsett úr einkunn fyrir ritgerð (70%) og einkunn fyrir vörn (30%). Prófstjóri stýrir vörninni. Leiðbeinandi og meistaraþrófsnefnd sitja vörnina.

Reglur, hæfniviðmið og aðrar mikilvægar upplýsingar

1. Reglur um meistaranám við Háskóla Íslands í talmeinafræði, nr. 972/2009 er að finna í heild sinni á eftirfarandi slóð: https://www.hi.is/haskolinn/reglur_nr_972_2009
2. Hæfniviðmið fyrir námsbraut í talmeinafræði við Læknadeild HÍ er að finna í Kennsluskrá HÍ: https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=820072_20186&kennsluar=2018#Mmarkmid
3. Talmeinafræðingur er lögverndað starfsheiti: <http://www.landlaeknir.is/gaedi-og-efirlit/heilbrigdisstarfsfolk/starfsleyfi/heilbrigdisstett/item13870/Talmeinafraedingar>
4. Siðareglur Félags talkennara og talmeinafræðinga: <http://www.landlaeknir.is/gaedi-og-efirlit/heilbrigdisstarfsfolk/starfsleyfi/sidareglur/item13870/>

Krækjur

Félag talmeinafræðinga á Íslandi (FTÍ) www.talmein.is
American Speech-Language-Hearing Association (ASHA) www.asha.org
Royal College of Speech and Language Therapists (RCSLT) www.rcslt.org
Heyrnar- og talmeinastöð Íslands (HTÍ) www.hti.is